

Fundargerð skólaráðs Oddeyrarskóla 1. febrúar 2013

Á fundinn mættu: Kristín Jóhannesdóttir, María Aðalsteinsdóttir, Marína Sigurgeirsdóttir, Magni Þrastarson, Sara Hlín Hauksdóttir, Snorri Björnsson og Sólveig Styrmsdóttir.

Dagskrá:

1. Sýn Oddeyrarskóla – drög
2. Árshátíðin
3. Samstarf við miðstöð skólaþróunar
4. Forföll í byrjun árs
5. Tölvumál
6. Önnur mál

1. Kristín kynnt drög að sýn Oddeyrarskóla, sjá fylgiskjal með fundargerð. Nokkrar umræður um þessa sýn, almenn ánægja fundarmanna með þessa vinnu. Fundarmenn sammála um að nota frekar **Ábyrgð –virðing – vinsemd** heldur en **Ábyrgð – virðing - vinátta**.

María lét í ljós ánægju með þennan texta.

Síðan urðu nokkrar umræður um hvernig vinna má að jákvæðum skólabrag og áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum. Snorri ræddi mikilvægi þess að vinna markvisst að því að efla sjálfstraust nemenda. Umræða varð um félagsstarf og félagsmiðstöð nemenda, aðstöðuleysi innan skólans/plássleysi til að hafa félagsaðstöðu fyrir nemendur unglíngadeilda. Hugmynd kom fram á fundinum um að nota stofuna sem 1. bekkur er nú í, fyrir félagsaðstöðu, ef 1. bekkur yrði færður norður í nýja hlutann.

2. Kristín lýsti yfir ánægju sinni með hve vel árshátíðin 26. janúar s.l. heppnaðist. Mikilvægt að allir nemendur fá tækifæri til að koma fram og taka þátt í að æfa og undirbúa árshátíð. Einnig lagði Kristín áherslu á hve vel 10. bekkingar skiluðu sínu og Þórarinn sem tók við umsjón með þeim vegna forfalla Hlínar.
Nokkrar umræður um tímasetningu á árshátíð, á hún að vera áfram á laugardegi eða á að færa hana á seinni part fimmtudags og eftir hádegi á föstudegi? Sitt sýnist hverjum en þó niðurstaða að halda í hefðina og hafa hana áfram á laugardegi.
3. Kristín sagði frá því að taka ætti upp samstarf við Miðstöð skólaþróunar hjá HA. Þarna á að nýta sér niðurstöður úr skólapúlsinum sem tækifæri til úrbóta. Vinna á að námi til árangurs, byrjað verður á heimsóknum í bekki þar sem skoðuð er námsaðlögun og skipulag kennslustunda.
4. Kristín sagði frá því að forföll kennara á unglingastigi hafa verið óvenju mikil í janúar. Þetta hefur skapað óróleika og óvissu hjá nemendum. Reynt verður að fá afleysingar kennara héðan í frá og ná meiri festu í skólastarfið.
5. Sagt frá erindi frá Nemendaráði þar sem nemendur óska eftir að fá að hafa sínar tölvur í skólanum. Umræða hefur farið fram í kennarahópnum og erindinu hefur verið svarað. Umræða fór fram um notkun nemenda á tölvum í skólanum. Mega eða eiga nemendur að vera með eigin fartölvur í skólanum? Það verður alltaf að vera ákvörðun hvers kennara og kennslufræðileg sjónarmið sem ráða því hvort nemendur mega nota sínar tölvur.

Önnur mál.

Ákveðið að prófa að halda fundina á miðvikudagsmorgnun kl. 8.15.

Næsti fundur boðaður miðvikudaginn 27. febrúar kl. 8.15.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Fundargerð ritaði
Marína Sigurgeirsdóttir

Fylgiskjal.1:

Sýn Oddeyrarskóla – drög:

Ábyrgð – virðing – vinátta (vinsemd)

Í Oddeyrarskóla vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem einkennist af jákvæðum skólabrag, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum.

Jákvæður skólabragur byggist á virðingu fyrir öllum einstaklingum og umhverfi þar sem margbreytileika skólasamfélagsins er fagnað. Hver og einn er meðvitaður um gildi sitt í samfélaginu og axlar ábyrgð á hlutverki sínu. *(Hér er vísað til viðhorfs og mikilvægi þess að skilgreina hlutverk hvers og eins)*

Til að skapa áhuga meðal einstaklinga þarf að gera námið forvitnilegt og fjölbreytt og náms- og starfsumhverfi vinsamlegt og hvetjandi. Hver og einn sýnir ábyrgð í því að leita leiða til að skapa þessar aðstæður. *(Hér er vísað til náms og kennsluaðferða)*

Til að laða fram metnað þarf að skapa aðstæður þar sem einstaklingum er gefinn kostur á að nýta styrkleika sína og hæfileika og að mat á starfinu sé sett fram með leiðsegjandi og uppbyggjandi hætti. Þannig skapast vilji til að þróa og efla starfið. *(Hér er vísað til mats og skólaþróunar)*